

Látrabjarg - Rauðasandur

Stærð: 486,4 km²

Sveitarfélag: Vesturbyggð

Umdæmi: Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Náttúruminjaskrá: 306, 307, 308


Verndartillaga: Þjóðgarður (Friðland)

Tillaga: Náttúrufræðistofnun Íslands¹, Umhverfisstofnun² og Vesturbyggð⁸

Mörk:

Allt land vestan þjóðvegjar um Kleifaheiði. Framan við Látrabjarg liggja mörkin 2 km á sjó út en almennt við strönd liggja mörkin 100 m í sjó.

Mörk svæða eru sett fram með fyrirvara. Líta ber á þau sem hugmynd að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsinga.




Svæðislýsing:

Stórkostleg fuglabjörg, hin mestu við Norður-Atlantshaf. Vel grónar bjargbrúnir og heiðar. Fjöldi þjóðminja. Vestast á Látrabjargi eru Bjargtangar sem jafnframt er vestasti tangi landsins og álfunnar. Bæjarvaðall og Rauðasandur með víðáttumiklar, rauðleitar skeljasandsfjörur og árlón með fjölbreyttu dýralífi. Hafnarvaðall í Örygshöfn með miklar skeljasandsfjörur og fjölskrúðugt fuglalíf. Í Látrabjargi er stærsta álkubbyggð í heimi og þar nær lundi líklega alþjóðlegum verndarviðmiðum. Miklar og tegundaauðugar leirur í Bæjarvaðli. Á svæðinu hafa orpið yfir 45 tegundir fugla, þar á meðal sjö tegundir á valista: Himbrimi, grágæs, straumönd, fálki, svartbakur, stuttnefja og hrafn.

Mikið af sel, m.a. á Rauðasandi.

Sérkennilegir sandhólar í Sauðlauksdal og þar er m.a. garðurinn Ranglátur sem hlaðinn var til þess að hefta Sandfok.

Brúnkolanámur eru í Stálfjalli.



Ljósmynd: Raudasandur. © Snævarr Guðmundsson

Eignarhald:

Fjölmargir eigendur, einstaklingar og ríkið.

Núverandi landnotkun:

Landbúnaður, eggjataka, fiskveiðar og ferðaþjónusta.

Röskun, ógnir, úrbætur:

Athugasemdir:

Koma þarf upp aðstöðu fyrir ferðamenn.

Forsendur fyrir verndun, viðföng og viðmið:

Mikilfenglegt og fjölbreytt landslag, fuglabjarg, minjar um búskap við sjó og sjósókn fyrri tíma. Hluti af svæðinu er enn í byggð. Sögumínjar. Alþjóðlega mikilvæg sjófuglabbyggð. Stærsta álkubbyggð í heimi.

Lykiltegundir: Fuglar: Fýll, rita, langvía, stuttnefja og álka
Plöntur: Ferlaufungur

Almenn viðmið

	Jarðmyndanir	Vatnafar	Plöntur	Dýr	Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landslag	Víðerni	Menningar- og sögumínjar
Sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu. Fágætar náttúrumínjar	•		•	•				
Óvenju tegundaríkt svæði eða viðkvæmt fyrir röskun. Sérlega fjölbreyttar náttúrumínjar				•	•			
Viðhald sterkra stofna eða náttúrulegra þróunarferla. Samfelldar, heildstæðar eða óraskaðar náttúrumínjar				•	•	•		•
Alþjóðlegt náttúruverndargildi. Alþjóðleg ábyrgð				•				
Vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi				•		•		•
Einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta	•			•		•		•
Sjónrænt gildi	•					•		

Sérstök ákvæði sbr. 37. og 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd

Eldvörp, gervigígar, eldhraun	Stöðuvötn og tjarnir, $\geq 1000 \text{ m}^2$	Náttúrulegir birkiskógar
Fossar	Mýrar og flóar, $\geq 3 \text{ ha}$	Skógar til útivistar
Hverir og heitar uppsprettur, hrúður og hrúðurbreiður	Sjávarfitjar og leirur	•

Fuglar:	Tegund	Fjöldi fugla	% af ísl. stofni	% af evr. stofni	Ábyrgðar-tegund	Válisti ³	SPEC	Bernar-viðauki	Ályktun um búsvæðavernd
	Fýll ⁴	120.000 pör	8	3-5	•			III	
	Rita ⁵	46.600 pör	7	2				III	
	Langvía ⁶	298.000 pör	30	14	•			III	
	Stuttnefja ⁶	118.000 pör	20	4		VU		III	
	Álka ⁶	230.000 pör	61	40-43	•			III	
	Lundi	-	-	-	•		2	III	

Plöntur:	Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengni	Válisti ⁷	Bernar-viðauki	Forsenda verndar
	Ferlaufungur ⁹	<i>Paris quadrifolia</i>	Háplanta	Sjaldgæf	LR		Fleiri en 5 fundarstaðir
	Bjargstrý ¹	<i>Ramalina siliquosa</i>	Fléttu	Sjaldgæf	VU		Einn af fjórum fundarstöðum
	Söldögg	<i>Drosera rotundifolia</i>					
	Blöðrujurt	<i>Utricularia minor</i>					
	Mýraertur	<i>Lathyrus palustris</i>					
	Fuglaertur	<i>Lathyrus pratensis</i>					
	Fölvastör	<i>Carex livida</i>					
	Þrenningarmaðra	<i>Galium trifidum</i>					

Jarðfræði: Há strandbjörg vitna um mikið rof á ísöld. Surtarbrandur og gróðurleifar eru á nokkrum stöðum, t.d. eru námur í Stálfjalli þar sem surtarbrandur var numinn. Sandrif við stöndina á Rauðasandi og Sauðlauksdal, strönd á Látrum og víðar eru að mestu úr skeljasandi og eru mjög litskrúðug. Glöggar strandlínur frá lökum ísaldar eru t.d. á Látrum, Breiðavík og Kollsvík.

Svæðið er á eftirfarandi listum: Important Bird Areas in Europe (svæði nr. 005)⁴.

Heimildir:

- Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Ottósson. 2002.
- Náttúruverndarráð. 1996a.
- Náttúrufræðistofnun Íslands. 2000.
- Ólafur Einarsson. 2000.
- Arnþór Garðarsson. 1996.
- Arnþór Garðarsson. 1995a.
- Náttúrufræðistofnun Íslands. 1996.
- Sjá umfjöllun um Vesturbyggð í 17. viðauka.
- Hörður Kristinsson. 2003.